

Háskóli Íslands
Vor 2014
Íslensku- og menningardeild
ABF210G Bókmenntasaga

Kennari: Hjalti Snær Ægisson

Samspil stríðsádeilu og femínisma í Lýsiströtu Aristófanesar

Nemandi: Arnar Sverrisson (290451-4859)

Ég hef valið að skrifa um samspil stríðsádeilu og femínisma í skopleiki hins forngríska höfundar, Aristófanesar. Í sjálfu viðfangsefninu er grundvallarviðhorfið eða aðferðin í sjálfu sér gefin. Því mun ég í upphafinu leitast við að skilgreina nánar, hvað í því hugtaki felst – og það mun síðan efnisgert, svo henta megí jafn fornum efniviði og hér er unnið með. Því femínismi er hugtak, tiltölulega nýtt af nálinni. Skilgreiningarviðleitnin mun óhjákvæmilega leiða okkur á vit hugarheims Grikkja og samfélagsgerðar. Sjónir munu eðli málsins samkvæmt einkum beinast að kyngervi, kynhlutverkum, kvenréttindum og samskiptum kynjanna, að ógleymdri viðkomu í feðraveldinu, sem er þýðingarmikið hugtak í þessu samhengi. Slík sundurgreining hugtaka er nauðsynleg undirstaða túlkunar á skopleiknum og skoðun þess samspils, sem getið er um í titli.

Hver er hin femíníska nálgun í hugvísindum? Erla Hulda Halldórsdóttir, íslenskur kynjafræðingur, skilgreinir í grein sinni um ævisögu íslenskrar konu, að „femínísk þenkjandi konur,“ þær, „sem létu sig varða stöðu og réttindi kvenna ...“ (1) Nánar útskýrir hún með tilvísun til Susan Ware: „Sjónum er beint að kyngervi sem megináhrifavaldinum í lífi kvenna. Femínísk [...]saga gerir ekki endilega ráð fyrir að hefðbundnir frásagnarferlar sem rekja líf karla sem sigurgöngu eða afrekasögu eigi við um líf kvenna. [...] Öðru fremur þá felst aðalsmerki femínískrar [...]sögu í ítarlegri rannsókn á tengslum hins persónulega og hins opinbera í lífi einstaklingsins.“ (2) Þessi viðhorf gilda vissulega einnig um ævir og æði kvenna í bókmenntum og þau hyggst ég nýta mér í framhaldinu. Skoðum þá femínisma nánar.

Hugtakið femínismi felur í sér þá hugsun að konur hafi verið og séu enn (2014) almennt kúgaðar af körlum, sem hafi sett svipmót sitt á samfélag, tungu, siði og menningu, og drottni þannig og deili yfir konum. Stefnan boðar að rétta þurfi hlut kvenna, með einum eða öðrum ráðum. Ég leyfi mér því í framhaldinu að nota orðið kvenfrelsunarhyggju.

Kvenfrelsunarhyggja í ofangreindum skilningi er nútímahugtak, sem á rætur aftur til aldamótanna sautján hundruð, þegar breski baráttumaðurinn fyrir jafnrétti kynjanna, Mary Astell (1666-1720), hefur upp raust sína og gefur út bókina: „Reflections upon Marriage (1700). Og karlmenn létu einnig álit sitt í ljós um mismunandi hlutskipti kynjanna á þeirri öld, er í hönd fór. Í skáldsögunni, Emilie (1762) boðar svissnesk/franski heimspekingurinn, Jean-Jacque Rousseau, að uppeldi skuli vera og verða meginhlutverk kvenna. Í frönsku byltingunni (1789) eru kynhlutverk og kynréttindi fyrir alvöru tekin á dagskrá. Nicolas de Caritet Marquis de Condorcet (1743-1794), heimspekingur, stærðfræðingur og stjórn málafræðingur, berst fyrir kosningarétti til handa konum til jafns við karla og boðar raunar jafnrétti allsherjar. Undir lok átjándu aldar (1792) fylgir Mary Wollenstonecraft (1759-1797) í kjölfar landa síns með bókinni: „A Vindication of the Rights of Women.“

Kvenfrelsuninni er stundum skipt niður í þrjár meginbylgjur. Sú fyrsta miðar einkum að því að konur öðlist kosningarétt til jafns við karla (suffragettes). Önnur bylgjan einkennist af vangveltum um kúgun karla á alla lund m.a. með tungumálið sem kúgunartæki. Samfélagsgerðin var talin verk karla og kúgunartæki í sjálfu sér. Feðraveldi var nefnt til sögu.

“Önnur bylgja femínisma gagnrýndi útilokun kvenna en hafði ekki mörg orð um

(1)Erla Hulda Halldórsdóttir. Tákmynd ..., bls. 90. – (2)Sama rit, bls. 97-98.

framsetningu sagnfræðilegra kenning um hana. Í þeim kenningum sem notaðar voru var oftast skírskotað til algildis skipulags feðraveldis og yfirráða karla. “Kyn” fékk meira að segja fljótlega, ef ekki sömu merkingu og “konur”, þá sömu merkingu og hið gamalkunna misrétti í sambandi kynjanna. Þetta var hentugur merkimiði og notkun hans veitti okkur hugarró í stað þess að trufla okkur og breytti spurningum í svör áður en að þeirra hafði verið spurt.” (3)

Í þriðju bylgjunni hyllir undir þá hugsun, að kynin séu bæði sköpunarverk sögunnar og gerendur hennar og að ekki dugi við skoðun sögunnar, að steypa konur í það mót, sem fyrstu bylgju og þó sér í lagi annarrar bylgju kvenfrelsunarsinnar hafa notað. Hin sögulega kona verður að stíga fram í réttu sögulegu samhengi. Joan W. Scott heldur áfram:

Við [fræðimenn] höfum staðið á mótum því sem Robyn Wiegman kallaði „hvötina til að endurskapa aðeins það sem [við] höldum að við vitum nú þegar“, og í staðinn höfum við rannsakað grundvöll þekkingar okkar, bæði sögulegar frásagnir og greiningarhugtök sem hugmyndin um þær væru óumflýjanlegar hvíldi á. Fyrir femíníska sagnfræðinga eins og sjálfa mig hefur þetta ekki aðeins tekið á sig þá mynd að draga einfaldlega konur að nýju fram í dagsljósið, heldur einnig að líta á flokkun á konum sem viðfang sagnfræðilegra rannsókna, til að svara hvatningarorðum Denise Riley. Þessar tilraunir hafa ekki alltaf átt upp á pallborðið, reyndar hafa þær stundum kallað yfir sig fyrirritningu þeirra sem halda fullir réttisýni uppi fölskvalausri trú á raunverulega og eilífa tilvist kvenna og gerandahlutverk þeirra sem það bjarg sem hinn eini sanni femínismi hvílir á. Ef við lítum á þessa fyrirritningu sem merki um óróleika eða kvíða má einnig líta á hana sem flótta undan gagnrýni eða andstöðu við hana. Þessi flótti er mikil synd þar sem femínismi hefur í sögu sinni þegið styrk sinn og áhrif af eigin þrá eftir því að grandskoða „grundvallarflokka, aðferðafræði og sjálfskilning vestrænna vísinda og kenninga.“ Ég vil líta svo á að það sé tímanna tákn að sumir femínistar virðast nú hafa sagt skilið við þessa afstöðu, eða fest hana í sessi sem storknaða bókstafstrú sem hafnar þeirri stöðugu sjálfsskoðun sem gagnrýni krefst. (4)

Þegar hér er komið sögu verður ekki undan því vikist að gera nánari greini fyrir feðraveldinu, sem er hornsteinn í hugtakafloðu kvenfrelsunarfrömuða. Feðraveldi er einnig nefnt föðurréttarsamfélag. Það er heitið yfir samfélag, þar sem eignarhald framleiðslutækja er á hendi karla eða fedra, sonur er meginerfingi og ættir eru raktar í föðurlegg. Venjulega hafa konur lítil opinber afskipti af stjórnun slíkra samfélaga og giftar konur minni opinber eða lagaleg réttindi en karlar. Þetta helgast einkum af framfærsluskuldum karla og þörf fyrir að vita örugg deili á faðerni afkvæma eiginkonunnar. Giftingar voru fram undir okkar tíma á ábyrgð ætta tilvonandi brúðar og brúðguma. Það finnast mörg tilbrigði við föðurréttarsamfélög. En skýringargildi þess er óneitanlega takmarkað, þegar skoðuð eru samskipti karla og kvenna.

Breski sagnfræðingurinn John Tosh segir m.a., að hugtakið feðraveldi hafi verið gagnrýnt fyrir að gefa í skyn, að kynjamunur væri grundvallarviðmiðun í lagskiptingu samfélagsins, að hún sé ævarandi og því handan sögunnar; í því að teljast útskýra allt og eitt skýrist raunar ekki neitt. Enn má þó hafa gagn af hugtakinu til að lýsa stigskiptingu samkvæmt kynferði á heimilinu, en sér í lagi þegar það á við um stjórn karla á heimilisbundinni framleiðslu eins og í Evrópu fyrir tíma iðnbyltingarinnar. En þegar fortíðin er skoðuð grannt koma í ljós gríðarmörg tilbrigði við kúgun, andstöðu, aðlögun og samleitni (convergence) í samskiptum karla og kvenna. Og verkefni

(3)Scott. Sagnaritun ..., bls.166. - (4)Sama rits, bls. 185-186.

sagnfræðingsins er að varpa ljósi á þessi tilbrigði í stað þess að hrúga þeim saman og merkja þau algildri reglu kynferðislegrar kúgunar. (5) Ég geng út frá því sem vísu, að í bókmenntafræði sé hollt að hafa gagnrýni Tosh í huga.

En hvernig var sögusvið leikritsins á ritunartíma þess (eða hér um bil)? Forngrískt samfélag var föðurveldi í ofangreindum skilningi. Það er engum vafa undirorpið. En konur voru engan veginn einsleit hjörð. Þær má sundurgreina samkvæmt hlutverkum. Þær voru bústýrur, frjálsar vinnukonur, fylgdarkonur, skáld, prestar, iðnaðarmenn, tíðleikakonur; samkvæmt tengslum og ætterni voru þær mæður, eiginkonur, dætur, frænkur, tengdamæður og tengdadætur – svo eitthvað sé nefnt. Svo skiptust þær allar - rétt eins og karlarnir – eftir því, hvort þær voru frjálsar eða í ánaud. Stjórn mála réttindi þeirra voru af skornum skammti. Bein þátttaka í stjórn mála var fátíð:

Félagsleg og stjórn mála réttindi kvenna í Aþenu á 4. og 5. öld voru afar takmörkuð. Til dæmis gátu konur ekki tekið neinn beinan þátt í stjórn mála, réttur þeirra til erfða og eigna var mjög takmarkaður og þær voru útilokaðar frá helstu leikum og skemmtunum. Almennt voru þær taldar karlmönnum óæðri. Þrátt fyrir þetta er margt óljóst um raunverulega stöðu kvenna og áhrif, því heimildirnar benda oft í ólíkar áttir. Svo dæmi sé tekið sækir Sókrates Platons djúpa visku til kvenna þegar mikið liggur við: Þrátt fyrir fullyrðingar Platons í þá veru að karlmenn séu almennt hæfari en konur, eru hugmyndir hans í Ríkinu um jafn stöðu kynjanna í stétt stjórnendanna afar róttækar miðað við ríkjandi viðhorf á hans dögum. Róttækast alls er þó e.t.v. sú hugmynd að eðli kvenna og karla sé eitt og hið sama. ...“ (6)

Ágúst H. Bjarnason tekur jafnvel enn dýpra í árinna um sannfæringu forngrískra karla um jafnrétti kynjanna. Hann telur jafnvel fyrsta kvenfrelsunarfrömuðinn vera fæddan meðal karlkyns heimspekinga í Aþenu.

„Þó Platon liti smáum augum á kvenþjóðina, eins og hún var á hans tímum, gjörir hann þó ráð fyrir fullu jafnrétti karla og kvenna í fyrirmyndarþjóðfélagi sínu. Hann er þannig að réttu lagi fyrsti kvenfrelsispostulinn. Heldur hann því fram, að konur séu alveg sömu gáfum gæddar og karlmenn, aðeins þróttminni að eðlisfari, en þó gjörir hann ráð fyrir, að þær hljóti alveg sams konar uppeldi og verði sömu réttinda aðnjótandi og karlmenn, enda taki þær þá þátt í landvörnum og stjórn ríkisins. (7)

Í svipaðan streng tekur Sigurbjörn Einarsson.

„Á tímum Hómers eða samkvæmt þeirri mynd, sem hann dregur upp af þjóðfélagsástandi og aldarhætti í grískri fornöld, voru konur allnokkuð sjálfstæðar. Hið sama kemur fram hjá leikritaskáldunum, sem fjalla um persónur frá löngu liðnum tíma [...]. Um eiginkonur gildi hins vegar öðru máli: [A]ð sögn Xenófons áttu þær að sjá og heyra sem minnst [...]. Konan var eign manns síns óskorað, hann gat skilið við hana með því að lýsa yfir því í votta viðurvist, að hjónabandinu væri slitið. Hún gat hins vegar ekki fengið skilnað nema með úrskurði dómstóls og þá þurfi hún að geta borið fram miklar sakir og sannað þær.“ (8)

(5) Tosh. The Pursuit ..., bls. 278. – (6) Eyjólfur K. Emilsson. Inngangur ..., bls. 29. – (7) Ágúst Bjarnason: Saga ..., s. 235.) – (8) Sigurbjörn. Xanþippa ..., bls. 110-112.

Eins og tæpt var á hér að ofan, koma í leikriti Aristófanesar fram konur víðs vegar að úr Grikklandi. Hver borg hafði eigin lög. Beinum nú sjónum frá Aþenu í bili, að herskáasta borgríki Grikklands, Spörtu.

Um 700 f.Kr. áttu hinir forngrísku Spartverjar – og óvíða greinir sagan frá „karlmannlegri“ þjóð - merkilegan löggjafa, Lycurgus. Hann var sannfærður um, að nauðsyn bæri til að stæla bæði verðandi mæður og feður til að tryggja hraust afkvæmi. Því hlutu bæði kyn svipaða þjálfun og kepptu bæði í ýmis konar íþróttaleikum. Konur urðu almennt ekki hermenn, en ólu syni sína upp til hermennsku. Af því fara margar sögur, t.d sú, að mæður áminntu syni sína, er þeir lögðu upp í hernað, að hvika hvergi, og snúa aftur með skjöld og sóma ellegar þá bornir á skyldi sínum. Konur voru atkvæðamiklar á öllum sviðum þjóðlífsins, enda karlar oft fjarverandi í hermennsku. Þær höfðu umsjón með eignum og rekstri, en áttu sumar hverjar eigin býli. Þeim var heimilt að hafa elskhuga. En móðurhlutverkið var engu að síður þeirra alfa og ómega. Konur höfðu það mikilvæga hlutverk öðrum fremur að greypa gildi hinar ýgu þjóðar, Spartverja. Rawon kallar þá herskóa og alræðissinnaða kúgara. (9) En löggjafinn bauð, að hermennska skyldi vera þeirra ævistarf. (10)

Konur inntu hlutverk sitt vel af hendi. Gyritas nokkur er nefnd til sögu. Hún átti sér eiginmann að nafni Acrotatus. Sá var að berja á fólki á Krít, en hné í valinn. Tilfinningasemin var frúnni fjarri, þegar fréttin um andlát eiginmannsins barst henni.

„When a messenger came from Crete to report Acrotatus' death she said: „Wasn't it inevitable that, when he proceeded against the enemy, either he would be killed by them or he would kill them? To hear that he died in a fashion worth of me and the city and his ancestors is pleasanter than if he were immortal but a coward.“ (11)

Acrotatus hefur vafalaust geispað golunni með hetjuleg orð á vörum eins og sannur forníslenskur stríðsmaður. Raggeit hefur hann greinilega ekki verið, borið hróður ættarinnar í ókunn lönd og varið mannorð og æru – ekki einasta sjálfs sín, forfeðra og heimalands – heldur einnig eiginkonunnar. Það er engu líkara, að mæður og jafnvel eiginkonur hafi talið vellukkaða stríðsmenn sköpunarverk sitt. Enda var Gorgos, konungsdóttir og eiginkona eins mesta herforingja Spartverja, ómyrk í máli, þegar kynsystir hennar af öðrum grískum stofni forvitnaðist um málefnið. Hún ku hafa svarað borginmannlega, að einungis spartverskar konur ælu alvöru karlmenn. Svipað viðhorf hljómar býsna greinalega í tilsvörum annarrar spartverskrar móður, sem átti tal við kynsystur frá Jóníu:

When a Ionian woman was priding herself on one of the tapestries she had made (which was indeed of great value), a Spartan woman showed off her four most dutiful sons and said they were the kind of thing a noble a good woman ought to produce, and should boast of them and take pride in them. (12)

Spartverskum mæðrum var sérstaklega umhugað um að ala ríkinu góða hermenn. Þegar spartverskri móður barst sú fregn, að sonur hennar hefði gefið líf sitt með sæmd og aldrei yfirgefið afmarkaðan stað sinn í víglínunni, fórust henni svo orð: grafið strákinn og setjið bróðurinn í hans stað. Ef synirnir sýndu af sér ragmennsku á vígvellinum, var elsku mamma

(9) Rawson, *The Spartan Tradition in European Thought*, bls. 1. Vitnað í: R.J.A Talbert. „Foreword.“ Plutarch on Sparta. - (10) Cartledge, *The Spartans*, bls. 32. - (11) Plutarkos, *Plutarch on Sparta*, bls. 159. - (12) Sama rit, bls. 160.

vissulega fjarri. Orð spartverskrar móður: „Away to the darkenss, cowardly offspring, where out of hatred Eurotas does not flow even for timorous deer. Useless pup, worthless portion, away to Hell. Away! This son unworthy of Sparta was not mine at all.“ (13)

Spartverskum stúlkum voru innrætt sömu gildi og bræðrum þeirra. Þessu var öðru vísi farið í Aþenu. Þjálfun í íþróttum og hermennsku af einhverju marki vék fyrir hússtjórnarhlutverkinu. Cartledge segir:

An Athenian girl would receive formal education beyond training for the domestic duties required of a good Athenian wife and mother – weaving, food-preperation, childcare household management. A daughter was routinely fed smaller rations than her brothers. At puberty she would be sequestered in her father's or other male guardians's house until she was married off to a man who, if he could afford to, would keep her as much as possible out of the public eye and would think it dishonourable even to hear her talked about among unrelated men. She was not allowed to own any significant amount of property in her own right and had no official say in Athens's much vaunted democracy. Significantly, the women of Athens of whom we hear most were not Athenian citizen women at all, but the hetærae or upmarket prostitutes who were powerful but definitely beyond the acceptable social pale. (14)

Eins og hér er bent á, heyrðist fátt til eiginkvenna í Aþenu, nema þá í leikriti Aristófanesar. En svo virðist, sem Cartledge hafi látið hjá líða að nefna þær konur, sem gerðu garðinn frægan í Aþenu og hinum gríska menningarheimi. Þær voru hvorki tíðleikakonur né fylgikonur. Hipparkía var merkur heimspekingur. En að dómi nafntogaðs nútímakvenfrelsunarfrömuðar, Michele Le Doeuff að nafni, var hún annars flokks kvenspekingur, þar eð hún hafði smitast af heimspeki eiginmannsins. Um þetta segir Sigríður Þorgeirsdóttir:

„Hipparkia er dæmi um [kvenheimspeking], en hún fór að leggja stund á heimspeki fyrir tilstilli ástar á karlmanni. Þetta telur Le Doeuff vera dæmigert fyrir kvenheimspekinga fyrri tíma, en Hipparkía var lærimey Kratesar. Sama gildir um frægt samband Héloïse og Abelards, og einnig um heimspekilegt samband Elísabetar prinsessu og Descartes, þótt ekki hafi verið um ástarsamband að ræða milli þeirra. Heimspekilegar samræður þeirra voru erótísk samband í víðum skilningi. Þessir kvenheimspekingar losuðu sig að dómi Le Doeuff aldrei undan áhrifavaldi lærimeistara sinna og urðu sjálfstæðir hugsuðir.“ (15)

Kvenspekingar og listamenn voru miklu fleiri; eins og t.d. Sappó (Sappho), nafntogað grískt, kvenskáld, sem uppi var á sjöttu öld f. Kr. Hún bjó á eyjunni Lesbos á norðanverðu Eyjahafi milli Grikklands og Tyrklands. Hún mærdi í ljóðum sínum ást kvenna á kynsystrunum. Enska orðið lesbian er dregið af nafni eyjarinnar. Enn er ótalin Díótíma frá Mantíneu (350-280), var heimspekingur og kennari Sókratesar - um ástina sérstaklega. Í ástarfræðum Díótímu lærði

(13) Plutarkos, *Plutarch on Sparta*, bls. 159. - (14) Cartledge, *The Spartans*, bls. 36. - (15) Sigríður, *Um femíníska ...*

Sókrates, að ástarþráin væri eins konar sköpunarþrá, getnaðurinn eins konar sköpun. Í sköpuninni leitar maðurinn ódauðleikans. Frjósemin er í blóð borin, frjósemi hvort heldur í þeim skilningi að geta börn ellegar skapa listaverk eða önnur andans verk eins og skopleik. Ástin væri fögur. Skilningur á fegurð líkama ástmans, karls eða konu, er grundvöllur að skynjun fegurðar yfirleitt, fegurðar á æðri stigum; fegurð annarra líkama, fegurð í lífsháttum, siðvenjum og vísindum. Ástin er einnig jarðvegur dyggðar, hugrekkis. Goðin virtust meta hugþryði ástarinnar aðra fremur. Hvorki kynferði né kynlífstillhneigingar virðast skipta máli. Guð ástarinnar er Eros.

Í samdrykkju Platons segir Fædros:

[V]íða [berst] samhljóða vitnisburður um að Eros sé eitt hinna elstu goða. Sem hið elsta er hann okkar mesti blessunarvaldur. Ekki kann ég fyrir mitt leyti að nefna neitt meira kapp fyrir yngissvein en góðan ástmann og fyrir ástmanninn ljúfling. Því hvorki ættgöfgi, mannvirðingar, auður né neitt annað jafnast á við ástina í að innræta mönnum það sem verður að stýra öllu mannlegu lífi, það er að segja þeirra sem hyggjast lifa fagurlega. Hvað skyldi ég nú eiga við? Jú, skömmina vegna þess sem ljótt er og metnaðinn til þess sem er fagurt. Án þessa getur hvorki ríki né einstaklingur drýgt miklar og fagarar dáðir. ...

Einungis elskendur vilja deyja hver fyrir annan, ekki aðeins karlmenn heldur konurnar líka. Dóttir Pelíasar, Alkestis, ber Grikkjum rækilega vitni um þetta þar sem hún ein var fús til að deyja fyrir eiginmann sinn [...]. (16)

Eitt sinn var sjálfur Períkles – einn feðra aðenska borgríkisins – spurður um, hver væru hans eiginlegu völd. Hann ku hafa svarað því til, að eiginkonan stjórnaði honum og henni stjórnaði sonurinn. Hvernig sem því nú leið; í hinum gömlu rómversku og grísku feðraveldum virtist iðulega gott samband millum hjóna. Sigurbjörn Einarsson bendir á, að legsteinar frá Grikklandi hinu forna gætu „vitnað“ um, að oft hafi verið hlýtt milli hjóna. Svipaða sögu er að segja frá Rómaveldi. Á steinn nokkurn frá 130 f.Kr. er meitlað eitthvað á þessa leið:

Maður hinn ókunnugi, boð mín eru stuttaraleg. Staldráðu við og lestu þau öll. Þetta er hrörleg gröf yndislegrar konu. Foreldrarnir skírðu hana Klaudíu. Hún unni eiginmanni sínum af öllu hjarta. Hún fæddi tvo sonu í heiminn; einungis annar þeirra lifir móður sína, hinn er undir grænni torfu. Í samræðum var hún töfrandi, þó lítillát í fasi. Hún sinnti heimilinu og spann ull. Hér líkur ræðu minni. Lát þig hverfa á braut. (17)

Móðirin hafði í Aþenu eins og í Spörtu veigamiklu hlutverki að gegna við innrætingu menningarinnar. Snillingurinn, Sókrates elskaði móður sína og virti vel. Heimspeki og fræðagjöfningi sínum líkti hann raunar við ljósmóðurstörf móður sinnar. Sókrates var aukin heldur djarfur stríðsmaður (í eiginlegum skilningi).

[Sókrates bjó] fyrst og fremst í upplagi sínu og lífsverki [...] að arfinum frá henni, hann hafði gengist undir sömu köllun og hún, gegndi sömu þjónustu: Hann vildi hjálpa

mönnum til þess að fæða þær hugsanir, sem þeir gengu með sjálfir en vissu ekki um, hugmyndir, sem gerðu þá að sannari mönnum, ef þær fengju að fæðast til vitrunar og lífs.“ (18)

Þess má til gamans geta, að Sókrates þessi var skotsþóninn í skopleiki Aristófanesar, Skýjunum. En nú er mál að skoða, hvort og hvernig, kyngervi, kvenréttindi, kynhlutverk og samskipti kynjanna geti borið uppi stríðsádeilu á ritunartíma verksins. Greining og túlkun mun hverfast um þessi grundvallarhugtök kvenkynjafræðinnar eða kvenfrelsunarhyggjunnar.

Ó, sönggyðjur, veitið mér liðsinni á sama hátt og hinum snjalla Aristófanesi fyrrum í aldanna rás og blásið þér mér andagift í brjóst, svo ég megi gera skil lokaþætti þessa verkefnis með nokkrum sóma. Það vill svo skemmtilega til, að sönggyðjur þær, er hvísluðu í eyra grískra skálda voru (að öllum líkindum) arfur hinnar móðurveldislegu“ mínósku fornmenningar, er ættuð var frá Krít. (19)

Leikritið fjallar um uppreisn kvenna í grísku borgríkjunum. Uppreisnin beinist að stríðsbrótti sameinaðra Grikkja, sem hafði kostað mikla fjármuni og mýgrút mannlífa. Einkum koma við sögu konur frá Spörtu og Apenu. Lýsitrata er óumdeildur foringi þeirra. Hún hefur stefnt kynsystrunum til Akropólshæðar, þar sem fjárhirslurnar eru geymdar. Svo virðist sem giftar konur leiki hér aðalhlutverk, en í ljósi þess, sem að framan er ritað um stöðu kvenna í Grikklandi í fornöld, skiptir sú staðreynd verulega máli með tilliti til skilnings á verkinu. Lýsistrata segir til marks um þetta: „Engin ykkar, það veit ég fullvel, hefur manninn hjá sér.“ (20) Þegar hún les körlum frá Spörtu og Apenu pistilinn, sefar þá, og lofar, að eiginkonurnar muni bjóða þeim ýmislegt gómyndi úr körfum sínum, lætur hún þessi orð falla; „en síðan munuð þið sverja tryggðareiða og taka að lokum hver um hönd síns maka og halda heim.“ (21)

Svo virðist sem áhugi eiginkvennanna á verkfalli þessu sé heldur dræmur. Þær tínast treglega á vettvang. Eiginlega eru þær ekki endilega sannfærðar um gildi tilefnisins. Myrrína kys heldur stríð en kynlífsbindindi. Slík baráttuaðferð fer fyrir brjóstið á þeim. Lýsistrata stynur undan hinni yfiringilegu frygð liðsmanna sinna; „þær eru að farast úr frygð,“ segir hún. (22) Þegar fógeti vill draga úr áherslu Lýsiströtu á manntjón í stríðinu svarar hún keik eins og endranær: „Og við eigum að gera okkur ánægðar með á ævinnar beztu dögum að leggjast karlmannslausar til svefnis? Nú, látum það vera með okkur, sem hinar, sem aldrei eignuðust mann og enda sem skorpnaðar meyjar ...“ (23) Karlmannsleysið virðist hafa slæm áhrif á sjálfsást kvenna og kyngervi. Það setur að þeim hroll við tilhugsunina um að enda sem skorpnaðar meyjar. En líklega er Lýsistrata ekki alveg við eina fjölinna felld, hvað kynhrifningu varðar. Alla vega snuggast í hinni íðilfögru mey frá Spörtu, Lampító, þegar foringinn fer að káfa á brjóstum hennar.

Konunum grísku er greinilega ljóst, að valdi þeirra sé í kyngervinu fólgið. Áðurgreind Lampító bendir á veikleika karla gagnvart hinni dásamlegu konu. Karlar létu Helenu fögru verða tilefni til stríðs og Menelási þvarr samstundis máttur reiðinnar, þegar hún beraði sig fyri honum. Mikil er karlflónskan! (24) En konur kunna að beita sér með öðru hætti til að öðlast taumhald á körlum sínum. Ef það dugar ekki að falbjóða kynlíf eða neita um það, má veitast að kynfærum karla og þeirri karlmenskukvöð að stífa sperrilegginn. Þegar karlkórinn kyrjar, að réttast væri að kýla kjaftforar konur, syngur kvennakórinn upp í opið geðið á körlum

(18) Sigurbjörn Einarsson. Xanþippa ..., s. 115. – (19) Jón Gíslason. Goðafræði ..., bls. 40-31 og Árni Sigurjónsson. Bókmenntakenningar ..., bls. 14. – (20) Aristófanes. Lýsistrata ..., bls. 186. – (21) Sama rit, bls. 202. – (22) Sama rit, bls. 195. – (23) Sama rit, bls. 194. – (24) Sama rit, bls. 187.

sínum: „Já, gerðu bara! Og ég skal sjá til þess að þú verðir eftir ónýtur til kvenna.“ (25) Lýsistrata bendir fógeta á, að konur gangi líka berserksgang eins og karlar. Hún hvetur kynsystur sínar af ráði og dáð: „Ó, samherjur, konur, sækið nú fram, áfram sérhver móðir, kona, meyja, - dama, - stýra, - selja, - frú og – freyja, lúskrið á þeim með fótum, klóm og kjafti, sparkið, berjið, bítið af öllum krafti!“ Kvennaherinn yfirbugar karlana. Herforingjanum, Lýsiströtu, þykir greinilega nóg um grimmd kynsystrana, því hún hrópar upp: „Nóg, Góðir hermenn ganga ekki í valinn.“ Svo virðist sem ekki einungis spartverskar konur hafi kunnað hermennsku.

Það ber ekki á öðru, en konurnar reki af sér slyðruorðið, hafi eitthvað verið; þ.e.a.s. að þær séu „klof og ekkert meira“ eða þær séu „bara heimskar konukindur.“ Þær eru greinilega útsmognar; kunna skil á ýmiskonar klækjabrögðum með sérstakri áherslu á hvílubragðagrimmd eins og að gera sig gaddfreðnar og kaldar, bíta og sparka í reður karls síns og neita jafnvel að leika „ljónynju á skafti.“ Aukin heldur kunna þær hússtjórn körlum fremur – og þá kunnáttu má næsta auðveldlega heimfæra á stríðsrekstur – og stjórnámálum geta þær einnig vasast í, enda hafa þær oft hlýtt á feður og aðra karla tjá sig um þau mál.

Það má skilja, að í hnappheldunni felist ekki eintóm sæla. Karlakórinn syngur m.a.: „Af þeim víst ei verður skafið: viðsjálfsgripir eru þær, enda sannast ætíð betur orð, sem forðum skáldið kvað: ærið er vont að vera kvæntur, verra er kvenmannsleysið þó.“ (26) Í ljósi þess, að konurnar hafi óbeint og beint lýst yfir ást sinni á körlum, þrátt fyrir stríðsbrölt þeirra – Myrrína lýsir því t.d. blátt áfram yfir, að hún elski karlinn sinn – virðast kynin vera hneppt í samslungna fjötra hvers annars og ekki geta án hins verið. Konurnar vilja sýna fram á, að þær kunni ekki síður skil á fjármálastjórn í sambandi við stríðsrekstur en karlar, en fá þó ekki tækifæri til að sýna, hvað í þeim býr í þessu efni, m.a. vegna þeirrar frygðar og kynlífsfíknar, sem var meginhvatinn að því, að stöðva stríðið. Það virðist ljóst, að samband eiginkvenna og karla þeirra sé yfirleitt meinhægt og stundum ríkt af fullnægju. Grimmd, sem dregur dóm af kynhlutverkum, fremur en líkamsburðum, er báðum kynjum töm.

Niðurlag þessarar skoðunar hlýtur að vera, að konurnar hafi haft erindi sem erfiði, enda þótt ekki hafi nauðsyn borið til að beita verkfallsvopninu að nokkru ráði. Sáttin „ung blómarós, kviknakin,“ hafði úrslitapýðingu. Fyrir hennar tilstilli var friður saminn. En það mátti varla tæpara standa. Konurnar voru að bresta úr frygð. Líklega hefur Eros látið til sín taka á bak við tjöldin. Þrátt fyrir erjur kvenna og karla, sigraði ástin. Og það er vel. Ástin er kvenkennd, rétt eins og gyðjan og sáttin. Því má segja, að hið kvenlega hafi borið sigur úr býtum. En það hefur harla lítið með nútíma hugsun um kvenfrelsun að gera. Eiginkonur í Grikklandi – samkvæmt Aristófanesi alla vega – höfðu greinilega nægileg völd, svellandi móð og dirfsku, til kúga karla til hlýðni á þeirra heimavelli. Það er ekki að sjá, að markmið baráttukvennanna hafi verið að umbreyta hinu dæmigerða meginhlutverki kvenna fram á daga einræktunar og tilraunaglasabarna, þ.e. móðurhlutverkinu. og þeirri uppeldisyfirlegu, sem það útheimtir. Þar er fyrst og fremst móður náttúra að sakast við. Ei heldur virðast konurnar hafa gert uppreisn gegn framfærslu- og verndarskyldu karla. Það er heldur ekki að sjá, að þær hafi sóst eftir stjórnámálavafstri eða hermennsku. En þær sýndu, svo ei var um að villast, að þær hefðu næga grimmd til að bera til að gegna því skelfilega hlutverki. Sömuleiðis færðu þær sannfærandi rök fyrir hæfni sinni til að annast stríðsrekstur.

Heimildir

Aristófanés. „Lýsistrata“ (Þýðandi Kristján Árnason). Gottskálk Jensson og Hjalti Snær Ægisson, ritstjórar. *Sýnisbók heimsbókmennta*. (Rvk.: Háskólaútgáfan 2011.), bls. 183-204.

Ágúst Bjarnason. *Saga mannsandans III: Hellas*. (Rvk.: Hlaðbúð 1950.)

Árni Sigurjónsson. *Bókmenntakenningar fyrri alda*. (Rvk.: Heimskringla 1991.)

Cartledge, Paul, *The Spartans. The World of the Warrior-Heroes of Ancient Greece, from Utopia to Crises and Collapse*. (New York: Vintage Books 2004.)

Eyjólfur K. Emilsson. „Inngangur.“ Platon: *Ríkið I*. (Rvk.: Hið íslenska bókmenntafélag 1997.)

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Táknmynd eða einstaklingur. Kynjað sjónarhorn sögunnar og ævi Sigríðar Pálsdóttur.“ (*Skírnir* 187, árg. vor 2013.)

Jón Gíslason. *Goðafraedi Grikkja og Rómverja*. (Rvk.: Ísafold (útgáfuár ekki tilgreint).)

McKay, J.P. og fl. *A History of World Societies* (New York: Bedford/St. Martin's 2012)

Platón: *Samdrykkjan*. (Rvk.: Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999.)

Plutarkos. *Plutarch on Sparta*. (Þýdd af R.J.A.Talbert). (London: Penguin Books 1988).

Rawson, E. *The Spartan Tradition in European Thought* (Oxford: Oxford University Press 1969).

Scott, Joan W. „Sagnaritun sem gagnrýni.“ (*Ritið I*, 2008.)

Sigríður Þorgeirsdóttir. „Um femíníska gagnrýni á kanónu og menningu heimspekinnar.“ *Hugur*, 21. árg. 2009, bls. 14-29.

Sigurbjörn Einarsson. „Xanþippa og systur hennar.“ Sigurður A. Magnússon og fl. ritstjórar, *Grikkland ár og síð*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1991), bls. 109-116.

Tosh, John. *The Pursuit of History*. (London: Pearson, London 2010.)